



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2021
R21040101

Borgarráð

Covid-19 - Sumarstörf fyrir 17 ára og námsmenn 18 ára og eldri

Lagt er til að borgarráð samþykki fjármagn til sköpunar viðbótar sumarstarfa fyrir 17 ára og námsmenn 18 ára og eldri með vísan í hjálagt minnisblað sviðstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs, dags. 13. apríl 2021. Áætlað er að ráða 750 einstaklinga til viðbótar við þau sumarstörf sem þegar hafa verið auglýst. 250 störf fyrir 17 ára og 500 störf fyrir námsmenn 18 ára og eldri. Tillagan verður fjármögnum af kostnaðarstaðnum 09205 ófyrirséð og verður viðauki vegna tillögunar lagður fram í næsta fundi borgarráðs.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Minnisblað sviðstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs, dags. 13. apríl 2021.



Til borgarstjóra

Frá sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs

Efni: Sumarstörf fyrir 17 ára og námsmenn 18 ára og eldri í samvinnu við Vinnumálastofnun.

13. apríl 2021

Reykjavíkurborg hefur nú þegar auglýst sumarstöf og áætlað er að ráða 994 einstaklinga í sumarstörf og afleysingar og þarf af eru 115 stg. hjá íþróttafélögum og æskulýðssamtökum sem unnið er í samvinnu við íþrótt- og tólmstundasvið Reykjavíkurborgar. Fjöldi umsækjenda er um þessi störf og margir eru að sækja um fleiri en eitt starf og alls hafa borist 4066 umsóknir um sumarstörf. Enn er hægt að sækja um á annan tug sumarstarfa þar sem umsóknarfrestur hefur verið framlengdur á ákveðnum störfum. Þar að auki er gerð breyting á ráðningarfyrikomulagi hjá um 370 starfamönnum sem starfa í hlutastörfum yfir veturinn og fara í fullt starf yfir sumartímann. Stærsti hluti þess hóps eru frístundaráðgjafar og frístundaleiðbeinendur á skóla- og frístundarsviði. Eins er farið með hóp af starfsfólks á menningar- og ferðamálasviði. Heildarfjármagn sem áætlað er vegna sumarstarfa eru 1.370 m.kr. innan ramma sviða.

Í apríl 2020 voru samþykktar tillögur í borgarráði sem snéru að sumarstörfum og markvissum vinnumarkaðsaðgerðum sem voru hluti af viðspyrnuaðgerðum Reykjavíkurborgar vegna COVID-19. Samþykktar voru tillögur um snéru annars vegar að sumarstörfum fyrir 17 ára einstaklinga og hins vegar að sumarstörfum fyrir námsmenn 18 ára og eldri í samvinnu við Vinnumálastofnun. Almennt var mikil ánægja hjá starfsstöðum Reykjavíkurborgar með verkefnið og ljóst að þessi hópur nýttist vel í fjölbreyttum sumarstörfum hjá borginni. Einnig skipta svona verkefni máli varðandi ímynd Reykjavíkurborgar sem eftirsóknarverðs vinnustaðar og miklir möguleikar fólgnir í því að kynna þá fjölbreyttu starfsemi sem Reykjavíkurborg stendur fyrir.

Ástand á vinnumarkaði er erfitt í dag og er atvinnuleysi hærra nú en síðastliðið vor. Skráð almennt atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu var 11,0 % í febrúar 2021. Alls voru 13.012 einstaklingar skráðir atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu og þar af 3705 einstaklingar á aldrinum 18-29 ára. Samkvæmt nýrri könnun Maskínu meðal háskólanema var 86,8% svarenda í starfi sl. sumar en 23,4% þeirra sem var í starfi hefði viljað vinna meira. Ætla má að það átak sem stjórnvöld fóru í sl. sumar að fjölga sumarstörfum fyrir námsmenn 18 ára og eldri um 3000 störf hafi átt stóran þátt í að stór hópur námsmanna átt kost á sumarstarfi. Stjórnvöld hafa tilkynnt um áætlun sína að ná til námsmanna og bjóða þeim hópi námsmanna sem ekki fær starf eða aðgang að öðru úrræði í sumar störf og munu stjórnvöld verja tæpum 2,4 milljörðum kr. verkefnið. COVID-19 faraldurinn hefur haft mikil áhrif á námsmenn, ekki bara á möguleika þeirra á að mæta í skólann heldur einnig á möguleika þeirra á sumarstarfi. Það er mjög mikilvægt að sem flestir námsmenn fái starf í sumar út frá fjárhagslegu sjónarmiði en ekki síður út frá félagslegum þáttum og andlegri líðan. Mannauðs- og starfsumhverfissvið leggur til að fjölga sumarstörfum hjá Reykjavíkurborg um 750. Mikilvægt er að störfin nái til fjölbreytts hóps námsmanna og bæði verði um að ræða fjölgun á hefðbundnum sumarstörfum en einnig að sköpuð verði óhefðbundin skapandi átaksstörf. Mannauðs og starfsumhverfissvið leggur til eftirfarandi tillögur vegna sumarstarfa námsmanna:

i. Sumarstörf 17 ára

Aðeins lítill hluti þeirra sumarstarfa sem auglýst voru í ár eru sérstaklega ætluð 17 ára einstaklingum eða einungis um 120 stg. sem er sambærilegt og hefur verið undanfarin ár. Hjá Reykjavíkurborg býðst 17 ára einstaklingum að sækja um sumarstörf sem auglýst eru ár hvert í febrúar. Starfsstaðir borgarinnar vilja ráða öflugt sumarstarfsfólk og þegar atvinnuástandið er þannig að eldri og reynslumeiri einstaklingar sækja um störfin er líklegra að þeir verði metnir hæfari til að gegna þeim. Ein af þeim tillögum sem samþykkt var síðastliðið vor var fjölgun sumarstarfa fyrir 17 ára einstaklinga um 200 störf. Tillagan kvað á um að þeir 17 ára einstaklingar sem höfðu sóttu um innan upphaflega umsóknarfrestsins í febrúar hefðu forgang í viðbótarstörfin. Einnig var opnað fyrir skráningu þeirra sem ekki höfðu sótt um fyrir tilskyldan umsóknarfrest á biðlista og sóttu 215 einstaklingar um þar og voru 54 einstaklingar af þeim hópi ráðnir í störf vegna viðspyrnuáðgerðanna.

Í ár er talið að 17 ára einstaklingar muni líkt og síðasta sumar eiga erfitt að finna sumarstörf vegna þess ástands á vinnumarkaði og mikilvægt að bregðast við því. Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofunnar eru 1392 einstaklingar fæddir árið 2004 og búa í Reykjavík. Skv. skýrslu rannsóknar og greiningar voru 56% framhaldsskólanema í fullu starfi síðast liðið sumar. Það hefur einnig sýnt sig að þegar almennt atvinnuleysi eykst á 17 ára hópurinn enn erfiðara með að fá sumarvinnu og því mikilvægt fyrir Reykjavíkurborg að horfa sérstaklega til þessa hóps hvað varðar sumarvinnu. Í minnisblaði íþrótt- og tómstundasvið kemur fram yfirlit yfir stöðuna í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem bjóða nær öllum 17 ára ungmennum sumarstörf sé þess óskað.

Ljóst er að stór hluti þeirra sumarstarfa sem hafa verið auglýst hjá Reykjavíkurborg henta ekki fyrir 17 ára einstaklinga þar sem þau eru börn í skilningi laganna og þegar útbúin eru störf fyrir þann hóp er nauðsynlegt að hafa í huga kröfur til starfa sbr. reglugerð frá félagsmálaráðuneytinu um vinnu barna og unglinga. Ekki er búið að taka saman heildarfjölda umsókna frá 17 ára einstaklingum um sumarstörf þar sem ákveðið var að framlengja umsóknarfrest á ákveðnum auglýsingum.

Fag- og kjarnasvið Reykjavíkurborgar eru mjög jákvæð og tilbúin að bæta við sig starfsfólki úr þessum aldurshópi verði fjármagn tryggt. Stór hluti starfa fyrir þennan aldurshóp gætu verið á leikskólum, í frístundastarfi og hjá íþrótt- og æskulýðsfélögum. Með því að styrkja störfin hjá íþrótt- og æskulýðsfélögum er verið að fjölga atvinnutækifærum fyrir ungt fólk í Reykjavík og styðja við framkvæmd frístundaúrræða fyrir börn yfir sumartímann. Einnig má nefna að velferðarsvið sér tækifæri í því að kynna starfsemi sína fyrir þessum hópi og afmarka verkefni í starfsemi sinni sem þessi hópur gæti sinnt. Mikilvægt er að hafa fjölbreytt sumarstörf fyrir þennan hóp og hefur komið fram hugmynd að samstarfi milli Reykjavíkurborgar og Bergið HeadSpace þar sem vinna á sérstaklega með þau ungmenni sem hafa lítið bakland og tengslanet og hafa sótt þjónustu m.a. vegna afleiðingar af COVID-19.

Í töflu 1 má sjá áætlaðan kostnað vegna ráðningar 17 ára einstaklinga. Taflan sýnir fjölda einstaklinga sem er ráðin í sumarstörf og í ráðningartímabil sem er annars vegar fjórar vikur og hins vegar sex vikur. Sérstaklega er reiknaður kostnaður við 250 sumarstörf fyrir 17 ára einstaklinga þar sem svið Reykjavíkurborgar treysta sér til að skapa þann fjölda starfa fyrir þennan hóp.

Tafla 1. Áætlaður kostnaður við 100 -300 störf

Fjöldi einstaklingar	Heildarkostnaður í 4 vikur í m.kr.	Heildarkostnaður í 6 vikur í m.kr.
100	39	58
200	78	117
250	97	147
300	116	175

Markhópur: 17 ára

Til framkvæmda: júní- ágúst 2021

Samstarf við ríkið: Nei

Mannauðs og starfsumhverfissvið leggur til að veitt verði viðbótar fjármagni til sköpunar 250 sumarstarfa fyrir 17 ára einstaklinga og ráðningartímabilið verði 6 vikur. Forgang í störfun myndu þeir einstaklingar sem þegar hafa sótt um sumarstarf hjá borginni.

Áætlaður heildarkostnaður vegna 250 ráðningar á 17 ára einstaklinga búsettum í Reykjavík í 6 vikur væri 147 m.kr.

ii. Sumarstörf fyrir námsmenn 18 ára og eldri

Í apríl árið 2020 var samþykkt í borgarráði að fjölga sumarstörfum fyrir námsmenn 18 ára og eldri hjá Reykjavíkurborg með aðkomu ríkisins og skapa þannig um 600 störf fyrir þann hóp með ráðningu í 2 mánuði. Reykjavíkurborg sótti um að fá að skapa 600 störf með fjárframlagi frá Vinnumálastofnun en vegna mikils áhuga hjá ríki og sveitarfélögum um sköpun starfa fékk Reykjavíkurborg úthlutað fjármagni til sköpunar 450 starfa í fyrstu úthlutun frá Vinnumálastofnun. Útfærslan var sú að störf voru auglýst og námsmenn sóttu um og framlag sem jafngildir grunnatvinnuleysisbótum rann til vinnuveitandans. Reykjavíkurborg lagði til fjármagn með öllum störfum sem sköpuð voru. Þar sem mikill áhugi var meðal fag- og kjarnasviða á að fá námsmenn til starfa var störfunum skipt milli sviða. Við endurúthlutun hjá Vinnumálastofnun óskaði Reykjavíkurborg eftir störfum til viðbótar og fékk 115 störf en náði einungis að nýta hluta af viðbótarstörfunum. Alls voru 457 námsmenn 18 ára og eldri ráðnir til borgarinnar í samvinnu við Vinnumálastofnun síðastliðið sumar. Ástæða þess að sviðin náðu ekki að nýta öll þau störf sem Reykjavíkurborg fékk úthlutað var annars vegar að langt var liðið á sumarið þegar farið var að ráða þennan hóp og hins vegar varð eftirspurn námsmanna minni en gert hafði verið ráð fyrir og illa gekk að ráða í ákveðin störf.

Almennt var mikil ánægja hjá starfsstöðum Reykjavíkurborgar með verkefnið og ljóst að þessi hópur nýtist vel í fjölbreyttum sumarstörfum hjá borginni. Töluverð áhersla var á nýsköpun og skv. óformlegri könnun á sviðum borgarinnar eru áhugaverð verkefni sem væri hægt að vinna áfram með og þróa komi til þessa verkefnis aftur. Svið borgarinnar hafa metið að þau geti skapað um 500 sumarstörf fyrir námsmenn til viðbótar þeim störfum sem þegar hafa verið auglýst og eru í ferli og geta því fljótt og vel útbúið fleiri sumarstörf ef fjármagn er tryggt. Bæði þarf að hafa í huga að skapa atvinnutækifæri fyrir sem flesta námsmenn en líka að mæta þörfum sviða Reykjavíkurborgar fyrir störf. Ljóst er að hægt verður að halda áfram með sumarstörf frá því í fyrra sem mun skapa mun meira virði fyrir starfsstaðina.

Lagt er til að fjölga sumarstörfum fyrir námsmenn 18 ára og eldri hjá Reykjavíkurborg með aðkomu ríkisins. Ríkið ætlar að verja 2.4 ma.kr. til fjölgunar sumarstarfa fyrir námsmenn 18 ára og eldri og áætlað er að hægt sé að skapa 2500 störf hjá ríki og sveitarfélögum í allt að 2,5 mánuði. Útfærslan

verður sambærileg og á síðast liðinu ári að sveitarfélögin og stofnanir ríkisins skapa sumarstörf og sækja um störf til Vinnumálastofnunar og fá úthlutað störfum, störfín eru síðan auglýst og námsmenn sækja um. Sú breyting verður í ár að til samræmis við átakið Hefjum störf, þá mun Vinnumálastofnun greiða styrk með þessum ráðningum sem nemur fullum dagvinnulaunum skv. kjarasamningi auk mótframlags í lífeyrissjóð í stað þess að greiða bara grunn atvinnuleysisbætur. Lagt er til að skapa 500 störf.

Í töflu 2 má áætlaðan heildarkostnað við viðbótar sumarstörf fyrir námsmenn 18 ára og eldri hjá Reykjavíkurborg og hlut Reykjavíkurborgar þegar búið er að taka tillit til mótframlags frá Vinnumálastofnun. Reiknað er með mótframlagi Vinnumálastofnunar sem nemur fullum dagvinnulaunum skv. kjarasamningi en mest að hámarki tekjutengdra atvinnuleysisbóta, allt að 472 þúsund kr. á mánuði auk 11,5% framlags í lífeyrissjóð sem getur því verið allt að 527.211 kr. Í töflunni má sjá áætlaðan kostnað Reykjavíkurborgar við ráðningu námsmanna í annars vegar 8 vikur og hins vegar 10 vikur í milljónum króna. Reiknaður er kostnaður við 500 sumarstörf fyrir námsmenn 18 ára og eldri þar sem fag- og kjarnasvið Reykjavíkurborgar treysta sér til að skapa þann fjölda starfa sérstaklega fyrir þennan hóp.

Tafla 2. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar að teknu tilliti til mótframlags stjórnvalda.

Fjöldi einstaklinga	Hluttur RVK í 8 vikur í m.kr.	Hluttur RVK í 10 vikur í m.kr.
300	27	34
400	55	69
500	103	131

Markhópur: námsmenn 18 ára og eldri

Til framkvæmda: júní- ágúst 2021

Samstarf við ríkið: já

Mannauðs- og starfsumhverfissvið leggur til að veitt verði viðbótar fjármagni til sköpunar 500 sumarstarfa fyrir námsmenn 18 ára og eldri í samvinnu við ríkið. Lagt er til að ráðningartímabilið verði 10 vikur. Áætlaður heildarkostnaður Reykjavíkurborgar þegar búið er að reikna mótframlag stjórnvalda verður 131 m.kr.

Rétt er að taka fram að útreikningar sýna kostnað vegna launa og launatengdra gjalda en ekki er tekið tillit til viðbótarkostnaður sem getur verið misjafn eftir eðli starfa. Viðbótarkostnaður getur verið tölvuleiga, hlífðarfatnaður, fæðisfé, vinnutæki og annar kostnaður sem verður til við sköpun nýrra starfa.

Samantekt

Heildarkostnaður vegna fjölgunar sumarstarfa á árinu 2021 má sjá í töflu 3. Þar er annars vegar verið að fjölga ráðningum fyrir 17 ára einstaklinga og hins vegar námsmanna 18 ára og eldri sem unnið verður í samstarfi við Vinnumálastofnun. Taflan sýnir kostnað þegar ráðningartímabil 17 ára einstaklinga er 6 vikur og ráðningartímabil námsmanna 18 ára og eldri er 10 vikur. Þar sem ekkert mótframlag kemur vegna ráðninga 17 ára einstaklinga fellur allur kostnaður vegna starfanna á Reykjavíkurborg.

Tafla 3. Heildarkostnaður fjölgun sumarstarfa hjá Reykjavíkurborg.

	Fjöldi einstaklinga	Kostnaður RVK í m.kr.
17 ára einstaklingar	250	147
18 ára og eldri námsmenn í samvinnu við ríkið	500	131
	750	278


Lóa Birna Birgisdóttir,
sviðsstjóri mannauðs og starfsumhverfissviðs